

Dags eftirlits	5.10.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Stakksberg ehf	Eftirlitsmaður	Sverrir Aðalsteinn Jónsson
Heimili	Stakksbraut 9	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	5905171940	Flokkur	Kísilverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Kristleifur Andrússon	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Pórður Magnússon	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Starfsleyfi Sameinaðs Sílikons hf. hefur verið fært yfir á nýja kennitölu og heitir félagið nú Stakksberg ehf.

Farið var í seinna reglubundna eftirlit ársins. Verksmiðjan er ekki í rekstri en unnið er að frágangi vegna tímabundinnar rekstrarstöðvunar. Vinna við mat á umhverfisáhrifum og skipulagsmál er í ferli.

Staðfestar voru úrbætur vegna þriggja útistandandi frávik:

1. Lokafrágangi girðingar umhverfis athafnasvæðið er lokið.
2. Allur rafskautamassi er geymdur innandyra
3. Stórsekkir með kísilryki hafa verið flutt til urðunar í Álfnesi. Unnið er að yfirborðshreinsun svæðisins þar sem að þeir voru geymdir. Þá hafa öryggisblöð vegna kísilryks og hráefna verið lögð fram fyrir eftirlitsaðila.
4. Handhafabreyting starfsleyfisins var staðfest með bréfi 4. júlí sl.

Í eftirlitinu komu ekki fram ný frávik en ein ábending var gerð vegna starfseminnar.

UMFANG EFTIRLITS

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Handhafabreyting, nafnabreyting, tengiliðaupplýsingar
2. Áætlanir um gangsetningu.
3. Verkáætlun um frágang vegna tímabundinnar rekstrarstöðvunar
4. Ráðstöfun framleiðsluúrgangs.
 - a. Upplýsingar um birgðastöðu á lóð og í verksmiðjuhúsi.
 - b. Kvittanir móttökuaðali um móttöku framleiðsluúrgangs, spilliefna og annars úrgangs frá verksmiðjunni.
5. Framgangur úrbótaáætlunar í bréfi frá 14. des 2017 og afstöðu Umhverfisstofnunar frá 19. janúar 2018

1. Starfsleyfi Sameinaðs Sílikons var fært yfir á nýja kennitölu með bréfi 4. júlí sl. Nýji rekstraraðilinn hafði þá nafnið EBO117 en hefur nú tekið upp nafnið Stakksberg ehf. Kristleifur Andrússon er áfram tengiliður rekstraraðila við Umhverfisstofnun.

2. Áætlanir um gangsetningu.

Unnið er að nýju mati á umhverfisáhrifum og vinnsla við deiliskipulag er í ferli með viðeigandi stjórnvöldum.

3. Verkáætlun um frágang vegna tímabundinnar rekstrarstöðvunar

Í eftirlitinu var farið yfir verkþætti áætlunar vegna tímabundinnar rekstrarstöðvunar. Búið er að girða lóðina af og verksmiðjuhús eru höfð læst. Þá er myndavélakerfi sem vaktar umgang á svæðinu utan skrifstofutíma. Úrgangur hefur að mestu leiti verið fjarlægður af verksmiðjusvæðinu í viðurkennda móttöku úrgangs. Þá hefur timburflís og mestum birgðum af kolum verið seld til annarrar kísilverksmiðju. Kvarssteinar og kalksteinn er geymt í haugum á svæðinu sem og um 880 tonn af stórsekkjum af viðarkolum. Grafítstangir og rafskautamassi er geymt innandyra. Ekki er talin hætta á mengun í jarðveg eða frárennsli frá þessum efnunum. Gastankar hafa verið fjarlægðir og áætlað var að olútankar yrði fjarlægðir sama dag og eftirlitið fór fram.

4. Ráðstöfun framleiðsluúrgangs.

Í eftirlitinu voru lagðir fram reikningar frá Íslenska Gámafélaginu um flutning úrgangs. Þar var staðfestur flutningur á um 1700 tonnum af steinefnum til urðunar í Álfsnesi,

Í kjölfar eftirlitsins voru jafnframt lögð fram gögn til staðfestingar á sölu hráefna (timburflísar og kola).

5. Framgangur úrbótaáætlunar í bréfi frá 14. des 2017 og afstöðu Umhverfisstofnunar frá 19. janúar 2018.

Minnt var á skilyrði sem stofnunin setti varðandi hönnun og frágang verksmiðjunnar fyrir endurræsingu, þ.m.t. frágang lóðar m.t.t. frárennslis, endurbætur á skráningum ofl.

ÁBENDINGAR

Sekkir með viðarkolum eru geymdir á verksmiðjulóð (um 800 tonn). Eftirlitsaðili varaði við að geyma þá til lengri tíma utandyra þar sem hann taldi það auka líkur á að þeir gefi sig við síðari meðhöndlun efnisins. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila eiga sekkirnir að þola íslenska veðráttu og komi til þess að þeir rífnir muni rekstraraðili bregðast jafnskjótt við því.

ANNAÐ

Umhverfisskýrsla um vöktunarmælingar apríl 2017 – mars 2018 var send Umhverfisstofnun 5. september sl.

Umhverfisstofnun hefur fallist á beiðni rekstraraðila um að fella niður vöktunarmælingar umhverfis verksmiðjuna þar til mánuði áður en verksmiðjan fer í gang að nýju.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 09.11.2018



Halla Einarsdóttir